



42. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

15. Október 2015

302 - Borgum

Fundaritari: Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Fundur settur: 16:01

Mættir: Birgir Marteinson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir, Helga Margrét Jóhannesdóttir, Andri Dan Traustason, Friðrik Már Ævarsson, Hrefna Hlín Sigurðardóttir, Unnur Inga Kristinsdóttir.

Fjarverandi:

Gestir: Ína Rúna Helgadóttir, dagskráliður 11.

Dagskrá 40. fundar stúdentaráðs

1. Samþykkt fundargerð 41. Stúdentaráðsfundar.
2. Verkföll.
3. Diploma supplement.
4. Kaup á spegli í ræktarsal.
5. Moodle mál.
6. Sameiginlegt dagatal aðildarféлага.
7. HA- Dagurinn.
8. Sameiginlegar vísindaferðir.
9. Halloween.



10. Vinnudagur stúdentaráðs.

11. Ólympíuleikarnir.

12. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykkis eða synjunar.

Fundargerð samþykkt, verður undirrituð á næsta fundi.

2. Verkföll.

Vegna yfirvofandi verkfalla er brýn þörf á því að nemendur gangi vel um lærdómssvæði, skilji ekki eftir rusl og gangi vel frá eftir sig inná salernum annars er hættu á að skólanum verði alfarið lokað og þá er engin lesaðstaða fyrir nemendur þá daga sem verkföll eru boðuð.

3. Diploma supplement.

Framkvæmdarstjórn er að vinna í því að fá stöðu varaformanns fsha, gjaldkera fsha og formanna aðildarfélaganna inná diplomasupplementið fyrir útskrift í vor. Framkvstj. Býr til plagg sem kynnt verður fyrir gæðaráði.

4. Kaup á spegli í ræktarsal.

Talsvert kvartað yfir því að enginn spegill sé í ræktarsalnum. Rannveig ætlar að kanna spegla málið og stúdentaráð hefur gefið samþykki sitt til kaups á nýjum spegli í salinn.

5. Moodle mál.

Föstudaginn 23. Október, kl. 14-15 ætlar Gunnar í kennslumiðstöð og Aðalbjörg að halda smá fund með 1-2 nemendum úr hverri deild til þess að ræða moodlebreytingarnar.

6. Sameiginlegt dagatal aðildarféлага.

Andri Dan, formaður Reka, setti upp sameiginlegt dagatal á veraldarvefnum þar sem allir formenn komast inn til að setja upp viðburði. Kominn tími til að



félögin nýti sér slíkt fyrirkomulag til þess að koma í veg fyrir að viðburðir skarist á.

7. HA- Dagurinn.

Þann 29. Október koma framhaldsskólanemendur frá öllum skólum á Norður- og Austurlandi í heimsókn að kynna sér skólann og námsleiðir hans. Margir nemendur verða á svæðinu að kynna frá 10-13. FSHA verður með bás og óska eftir aðstoð stúdentaráðs (ef þau verða ekki á bás hjá sinni deild) í pizzunum, en það verk tekur ekki langan tíma. Búist er við fjölmenni og mjög skemmtilegum degi.

8. Sameiginlegar vísindaferðir.

Framkvæmdarstjórn ræddi sameiginlegar vísindaferðir og mikilvægi þess fyrir aðildarfélögin að halda einhverjar sameiginlegar til að hrista skólann saman.

9. Halloween.

Aðildarfélögin hafa rætt saman um að halda sameiginlegt Halloween laugardaginn 31. Október.

10. Vinnudagur stúdentaráðs.

Stefnt er að því að nemendur í nefndum og ráðum, stjórnir aðildarfélaganna og fastastjórna ásamt framkvæmdarstjórn fsha hittist og ræði málin. Þannig verður hægt að kynna hvað er að gerast í skólanum svo allir séu með á nótunum. Hópefli og enda svo á sprelli. Rætt var að halda þetta þann 13. Nóvember.

11. Ólympíuleikarnir.

Ína Rúna kom inn á fund og kynnti ólympíuleikana, hægt verður að halda þetta á tveimur dögum til að forðast vesenið sem myndaðist í fyrra og til að halda áhuga nemenda. Fimmtudagskvöldið 22. Okt verða keppnir í Borgum og á föstudeginum verða keppnir í Höllinni frá 11-16 og svo keila og verðlaunaafhending í keilunni um kvöldið.



12. Önnur mál.

Helga ræddi kvartanir sem henni hafa borist um sjálfsalana, ekki sé mikið úrval af fæðu það sé einungis hægt að nálgast súkkulaði og slíka óhollustu sem er ekki vænlegt fyrir svanga námsmenn. Framkvæmdarstjórn ætlar að kanna málið.

Möffinskostnaðurinn frá jafnréttisdögunum, hagnaður af sölunni rennur til aðildarfélaganna.

Ræstitæknarnir vilja ítreka það að nemendur losi ekki tóbak úr vörum sínum í trektarnar í lífræna ruslinu.

Fundi slitið kl. 16:59



Undirskrift fundargesta

Birgir Marteinsonn

Formaður FSHA

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Varaformaður FSHA

Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir

Fjármálastjóri FSHA

Helga Margrét Jóhannesdóttir

Formaður Eirar

Friðrik Már Ævarsson

Formaður Kumpána

Unnur Inga Kristinsdóttir

Forseti Stafnbúa

Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Formaður Magister

Axel Trausti Gunnarsson

Formaður Þemis

Andri Dan Traustason

Formaður Reka